



## SELFOSSLÍNA 2 / LÆKJARTÚNSLÍNA 2 OG TENGIVIRKI Í LANDI LÆKJARTÚNS Í ÁSAHREPPI

**Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar**

**06.06.2018**





## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>4</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagslýsing</b>	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>4</b>
<b>2.1</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna</b>	<b>5</b>
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.1.2	Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022	5
2.1.3	Minjar	6
<b>3</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>6</b>
<b>3.1</b>	<b>Umhverfisþættir og áherslur</b>	<b>6</b>
<b>4</b>	<b>AÐALSKIPULAGSBREYTING</b>	<b>7</b>
<b>4.1</b>	<b>Iðnaðarsvæði og jarðstrengur</b>	<b>7</b>
<b>5</b>	<b>KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>8</b>
<b>5.1</b>	<b>Samráð</b>	<b>8</b>
<b>5.2</b>	<b>Skipulagsferli</b>	<b>8</b>

## 1 INNGANGUR

Landsnet hf. áformar að Selfosslína 2, sem er 66 kV, verði sett í jörð frá tengivirki við Hellu að tengivirki við Selfoss. Fyrsti áfangi verður á milli Hellu og Þjórsár. Jarðstrengurinn kemur að mestu leyti til með að fylgja Suðurlandsvegi í gegnum Ásahrepp, ákveðið verður í samráði við landeigendur hvoru megin þjóðveggar hann verður. Byggt verður 220 kV tengivirki norðan Suðurlandsveggar, í landi Lækjartúns, og jarðstrengurinn tengdur við það. Nýr jarðstrengur fær heitið Lækjartúnslína 2 og verður 66 eða 132 kV.

Haft hefur verið samráð við eigendur Lækjartúns um staðsetningu tengivirkis og legu jarðstrengs. Í tengslum við breytinguna verður haft samráð við alla landeigendur vegna legu jarðstrengsins.

Sett er fram skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu. Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

### 1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt skipulagslögum skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.

## 2 FORSENDUR

Forsenda fyrirhugaðra framkvæmda er að nauðsynlegt er að styrkja raforkuflutningskerfi austan við Þjórsá og í Vestmannaeyjum, þar sem raforkuþörf á svæðinu hefur aukist á síðustu árum. Núverandi háspennulína frá tengivirki við Hellu að tengivirki við Selfoss er 66 kV loftlína sem tekin var í notkun árið 1947, en hana þarf að endurnýja. Til að styrkja raforkukerfið í Rangárvallasýslu er fyrirhugað að byggja 220 kV tengivirki í landi Lækjartúns í Ásahreppi, norðan Suðurlandsveggar. Búrfellslína 2 verður tengd í tengivirkið og rafmagni veitt inn á jarðstrenginn að Hellu.

Áherslur sveitarstjórnar snúa að bættu öryggi í afhendingu raforku þar sem jarðstrengur kemur í stað loftlínu. Þá verður meiri raforka flutt á svæðið með byggingu tengivirkis og tengingu Búrfellslínu 2 við jarðstrenginn. Það er jákvætt að raflína verði sett í jörðu sem dregur verulega úr sjónrænum áhrifum af mannvirkjum. Þá er það kostur að jarðstrengurinn verði lagður meðfram Suðurlandsvegi til þess að skerða sem minnst nýtingarmöguleika lands.

## 2.1 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirliggjandi stefna

### 2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu.


Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

### 2.1.2 Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022

Í Aðalskipulagi Ásahrepps 2010 – 2022 er framkvæmdasvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gerð verður aðalskipulagsbreyting vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Selfosslína 2 verður tekin út á framangreindum kafla og lagður jarðstrengur í hennar stað. Auk þess verður sett inn nýtt iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns, norðan Suðurlandsvegur. Skipulagsnefnd Rangárbings ytra hefur samþykkt að gerð verði samsvarandi breyting á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2010-2022.

Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið:

- Góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Unnið verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðustu verði.



MYND 1. Hluti af Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Tengivirkið er fyrirhugað innan rauða hringsins.

### 2.1.3 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Ásahreppi. Minjar eru sýndar á aðalskipulagsupprætti.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 3 UMHVERFISÁHRIF

Samkvæmt viðauka 1 með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (m.s.br.) fellur framkvæmdin undir tl. 10.21 í B-flokk þar sem fjallað er um lagningu „áveitu- eða vatnsstokka um langan veg; loftlínur til flutnings raforku á verndarsvæðum; lagning niðurgrafinna strengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. Lagning strengja/lagna í vatni/sjó 10 km eða lengri eða óháð vegalengd á verndarsvæðum“. Í flokki B eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og eru því tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar.

Þar sem lagning jarðstrengsins er tilkynningarskyld þá fellur breyting á aðalskipulagi undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Við breytingu á aðalskipulagi skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og skulu eftirfarandi meginatriði koma fram skv. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

- a) „lýsing og samanburður á kostum sem til greina koma um þróun byggðar, staðsetningu og útfærslu hennar og einstakra framkvæmda, m.t.t. áhrifa á umhverfið, svo sem með tilliti til sérkenna einstakra svæða og/eða verndargildis. Þetta getur t.d. átt við um tegund landnotkunar, þéttleika byggðar eða stefnu um samgöngur,
- b) hvernig tryggt er að tillagan í heild, einstök markmið hennar og framfylgd valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Við mótun tillögu skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða og þess gætt að einstök markmið hennar samræmist meginmarkmiðum skipulagstillögunnar og markmiðum reglugerðar þessarar,
- c) hvort setja þurfi í aðalskipulagi skilyrði fyrir deiliskipulagsgerð og framkvæmdum á síðari stigum, til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið“.

### 3.1 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu 1. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 1 Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr.
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á landslag? Hefur skipulagið sjónræn áhrif?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til landbúnaðar?	Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Aðalskráning fornleifa. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúruvá og öryggi	Er hætta á náttúruvá á svæðinu? Hefur skipulagið áhrif á tengingar við megin vegi út frá umferðaröryggi? Hefur skipulagið áhrif á afhendingaröryggi raforku?	Saga svæðisins varðandi flóð og jarðskjálfta. Vegalög nr. 80/2007. Raforkulög nr. 65/2003.

## 4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 4.1.2 segir „Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir viðkomandi sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins“. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins. Við gerð aðalskipulags skal byggt á markmiðum skipulagsreglugerðar, landsskipulagsstefnu, svæðisskipulagi, liggja það fyrir og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins.

### 4.1 Iðnaðarsvæði og jarðstrengur

Í breyttu aðalskipulagi verður sett inn allt að 3 ha iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns ásamt tengingu við Suðurlandsveg. Einnig verður Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir 66 eða 132 kV jarðstreng í stað hennar. Jarðstrengur mun fylgja vegum eftir því sem við verður komið, að höfðu samráði við landeigendur og Vegagerðina. Lagnaleiðin innan Ásahrepps er um 10 km löng.

Sett verða skilyrði um frágang yfirborðs á jarðstrengsleiðinni og um aðlögun tengivirkis að landinu umhverfis það.

## 5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við breytingu aðalskipulags.

Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulagslýsingin verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa <http://www.utu.is/>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni. Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

### 5.1 Samráð

Aðalskipulagsbreytingin verður unnin fyrir sveitarfélagið, í samráði við framkvæmdaaðila.

Á vinnslutíma mun aðalskiplagsbreytingin verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn. Haft verður samráð við alla hlutaðeigandi landeigendur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

### 5.2 Skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferli aðalskipulagsbreytingar ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

Júní/júlí 2018	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samráð við landeigendur. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Ágúst/september 2018	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, tillagan kynnt almenningi skv. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga og tillaga lögð fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
Október/nóvember 2018	Tillaga samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send til umsagnaraðila skv. 31. gr. skipulagslaga. Auglýsing skipulagstillögu og gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Desember 2018/janúar 2019	Tillaga afgreidd í sveitarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga.
Febrúar 2019	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í B- deild stjórnartíðinda.